

Kjarval sífrjór og margbreytilegur



Thor Vilhjálmsson sýningarstjóri Kjarvalsstöðum.

„Kjarval var stórbrotinn listamaður og í verkum hans má finna hreina snilld. Hann var líka fyndinn og margbreytilegur,“ segir Thor Vilhjálmsson rithöfundur sem annaðist val og uppsetningu á verkum Kjarvals á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

Myndirnar á sýningunni eru margvislegar og frá ýmsum tímum.

Þeim er ekki raðað í tímaröð heldur eftir viðfangsefnum: „Á sýningunni má m.a. finna kröftugar landslagsmyndir og andlitsteikningar. Ég hef reynt að raða verkunum þannig upp að verk sem eiga eitt-hvað sameiginlegt við nánari skoðun hangi hlið við hlið. Þannig draga þau ekki athyglina hvert frá öðru heldur mynda ákveðinn samhljóð,“ segir Thor.

Aðspurður um hvað hann hafi haft að leiðarljósi við val á verkum segir Thor: „Ég vildi sýna sem flestar hliðar á Kjarval, þ.e. hvað hann var margbreytilegur og siskapandi. Myndirnar eru margar mjög ólíkar en ég tel að fólk geti sókkt sér ofan í þær og fundið einhverja ákveðna mynd sem höfðar til þess, allt eftir því hvernig skapi það er í.“

Thor er höfundur einnar veglegustu bókar sem komið hefur út um Kjarval en jafnframt var Thor í vinfengi við Kjarval.

Aðspurður um kynni hans af Kjarval segir Thor: „Ég nota orðið snillingur hóflega en það á svo sannarlega við um Kjarval. Það má auðveldlega sjá vísi að þessari snilld í alls kyns skissum sem hann var sífellt að teikna, jafnvel skissum teiknuðum á umbúðapappír. Það má e.t.v. segja að Kjarval hafi verið sérvitringer en verk hans eru orkulind sem fólk ætti að kafa djúpt í.“

-glm

Kamm-ermúsík í Bústaðakirkju



Bernardel-kvartettinn.

Kammermúsíklúbburinn heldur tónleika á sunnudaginn kl. 20.30 í Bústaðakirkju.

Flytjendur Bernardel-kvartettsins eru: Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari, Greta Guðnadóttir fiðluleikari, Guðmundur Kristmundsson lágfíðluleikari og Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari.

Á efnisskránni er Strengjakvartett í B-dúr eftir Mozart sem verður frumfluttur héraðs í Bústaðakirkju og Strengjakvartettinn „Frá draumi til draums“ eftir Jón Nordal. Nafn þessa verks vísar í ljóðið Söknuð eftir Jóhann Jónsson skáld. Að lokum verður fluttur Strengjakvartett í cis-moll eftir Beethoven. Verkið er stórt í sniðum og dulúðugt á köflum. Það er í sjó köflum sem verða leiknir án hlés. Verkið þykir erfitt en ógleymanlegt í flutningi.



Ólafur Gíslason sýnir afkastur samvinnu sinnar við sex fulltrúa verkalyðsins í Gallerí Ingólfsstræti 8.

Deila með og skipta

Myndlistarmaðurinn Ólafur Gíslason hefur opnað sýningu á verkum sínum í Gallerí Ingólfsstræti 8.

Sýninguna nefnir hann „Deila með og skipta“. Hún er sérstök fyrir þær sakir að þar vinnur listamaðurinn með fólk úr atvinnulífnum sem ekki tengist listum á neinn hátt. Þetta fólk er starfsfólk fyrirtækjanna Nóa-Síríusar, Egils Skallagrímssonar, Mjólkursamsölnunar, Grandá hf., Áburðarverksmiðjunnar og Kassagerðar Reykjavíkur. Stjórnendur þessara fyrirtækja gáfu starfsmönnum sínum þrjá launaða starfsdaga til samvinnu við Ólaf.

Starfsmennirnir eru: Erna Arnórsdóttir, Birgir Eggertsson, Baldur Gunnarsson, Magnús Skúlason, Ólafur Stefánsson og Finnur Leifsson.

Ólafur Gíslason er fæddur í Reykjavík árið 1962. Hann stundaði nám við Myndlista- og handiðaskóla Íslands og Hochschule für bildende Kunst in Hamburg.

Um þessar mundir eru verk Ólafs einnig sýnd á sýningunni Nýjum aðföngum sem Listasafn Íslands stendur fyrir. Sýningin í Ingólfsstræti 8 stendur til 15. febrúar. Hún er opin milli kl. 14 og 18, fimmtudaga til sunnudaga. -glm

Samvinna verkamanns og listamanns

„Deila með og skipta“ er verkefni sem skapar snertiflöt á milli atvinnulífs og listheims,“ segir Ólafur Gíslason um samvinnu sína við sex fulltrúa verkafólks. Að hans sögn vildi hann komast í samband við verkafólk sem hinn almenni neytandi finnur fyrir í daglegri neyslu sinni, s.s. á mjólkurfernunni eða ýsufлакinu, andlitslaust fólk sem við nánari kynni reyndist einnig vera þátttakendur í þjóðfélaginu.

„Tilraun mín er ekki fölgín í því að gera þátttakendur verksins að listamönnum heldur beinist áhuginn að skoðanaskiptum, þ.e. hvar heimar okkar mætast. Listin þarf á sérfræðingum hversdagsins að halda til að skapa sér raunverulegt inntak. Ég veit ekki með vissu hvernig þau upplifðu þessa samvinnu en fyrir mig var listsköpun í



Ólafur Gíslason.

verkefninu „Deila með og skipta“ þar sem hugmyndaheimar okkar blönduðust.“ -glm

SÝNINGAR

Gallerí, Ingólfsstræti 8. Ólafur Gíslason er með sýningu á verkum sínum. Opíð fid.-sud. kl. 14-18 til 15. febrúar.

Gallerí 20m², Vesturgötu 10a. Sýning Egils Sæbjörnssonar er opin frá mid.-sun. kl. 15-18 til 25. janúar.

Gallerí Fold, Rauðarárstíg, Reykjavík. Jónas Viðar Sveinsson sýnir oliumálverk í baksal. Opíð daglega kl. 10-18, laug. frá 10-17 og sun. kl. 14-17 til 25. janúar.

Gallerí Regnbogans, Hverfisgötu 54. Sýning á verkum Sigurðar Örlýgssonar er opin virka daga frá kl. 16-24 og 14-24 um helgar.

Gallerí Sævars Karls, Bankastræti. Jón Óskar er með sýningu á nýjum myndum. Opíð á verslunartíma.

Galleríkeðjan Sýnirými. Nemar í Grafíkdeild MHI sýna samvinnuverkefnið „Box“ í Sýniboxi við Vatnsstíg. Húbert Núi sýnir í Barni sem Howie B. ber og í Gallerí Hlust er leikin tónlist eftir Pétur Örn Friðriksson (sími 551 4348). Sýningarnar standa út janúar.

Gerðuberg. Sýning Valdimars Bjarnfréðssonar (V. Vapen). Sýning Ragnars Erlendssonar til 9. febr. Opíð mán.-fim. 10-21, fös.-sun. 12-16. Handverk & Hönnun, Amtmannsstíg 1. Sýning á listhandverki og hönnun 24 aðila. Sýningin er opin þri.-fös. 11-17 og ld. 12-16 og lýkur 24. janúar.

Kjarvalsstaðir við Flókaötu. Laugardaginn 17. janúar verður opnað sýning á verkum Kjarvals að vali Thors Vilhjálmssonar rithöfundar. Opíð 10-18 alla daga og lýkur 17. maí. Sýningin Líkamsnánd stendur yfir með verkum eftir norræna samtímalistamenn. Opíð kl. 10-18 alla daga og lýkur 1. mars.

Listasafn ASÍ, Ásmundarsal við Freyjugötu. Fyrirmyndarfólk sýnir myndskreytingar. Sýning 25 teiknara 10.-25. jan. Opíð þri.-sun. kl. 14-18.

Listasafn Íslands. Í kvöld kl. 20 opnar Björn Bjarnason menntamálaráðherra sýninguna Ný aðföng en sýningin er fimmta í röð sýninga á nýjum aðföngum til safnsins, kaupum og gjöfum. Auk þess eru sýnd verk eftir frumherja ísl. myndlistar. Opíð alla daga nema mán. kl. 11-17 til 1. mars.

Listasafn Kópavogs, Gerðarsafni. Kjartan Ólason og Steinunn Helgadóttir sýna myndlist og Blaðaljósmyndarafélagið sýnir bestu blaðaljósmyndir 1997 til 25. jan. Opíð alla daga nema mánudaga frá 12-18.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnesi. Sýning á 27 völdum verkum eftir Sigurjón. Opíð alla daga nema mánudaga frá kl. 14-17.

Listhús 39, Hafnarfirði. Gunnar Í. Guðjónsson sýnir verk sín. Opíð virka daga kl. 10-18, ld. 12-18 og sd. 14-18.

Nýlistasafnið, Vatnsstíg 3B, Reykjavík. Nú stendur yfir sýning þriggja erlendra gesta: Matjaz Stuk og Alena Hudocovicoca sem koma frá Hollandi og Englandsins Chris Hales. Einnig sýna þeir íslenskir listamenn: Pálina Guðmundsdóttir sýnir nýleg málverk í Forsal, Hildur Bjarnadóttir sýnir verk unnin í textíl og Einar Garibaldi Eiríksson sýnir nýleg landslagsmálverk í Súmsal. Sýningarnar eru opnar daglega nema mán. kl. 14-18 og þeim lýkur 25. janúar.

Stöðlakot, Bókhöðustíg 6. Snorri Ásmundsson sýnir til 17. jan.

Gallerí Ramma og mynda, Kirkjubraut 17, Akranesi. Guðjón Ólafsson með sýningu á 70 teikningum af húsum á Akranesi.

Café Menning, Dalvík. Sýning á verkum Þorfinns Sigurgeirssonar.

Lónið á Þórshöfn. Freyja Öndardóttir sýnir verk sín í anddyri.

Kaffi Lefolli. Eggert Kristinsson sýnir málverk á Kaffi Lefolli á Eyrarbakka.